

Heimsálfurnar 7

Purrlendi jarðarinnar skiptist í nokkra meginhluta sem kallaðir eru *heimsálfur*. Hver hluti er nokkurn veginn samfelld landflæmi en nærliggjandi eyjar eru taldar með.

Stærsta heimsálfa jarðarinnar er **Asía**. Asía þekur einn þriðja af öllu landi á jörðinni. Það eru 48 lönd í Asíu. Vissir þú að Kína og Indland eru fjölmennustu ríki heims með um 1 milljarð íbúa hvort? Um það bil 60% af öllum íbúum jarðar búa í Asíu.

Heitasta heimsálfa jarðar er **Afríka** og þar eru 54 lönd. Sahara eyðimörkin er stærsta heita eyðimörkin í heiminum. Hún þekur um 25% af Afríku. Vissir þú að Sahara er arabíska orðið yfir eyðimörk?

Það eru 44 lönd í **Evrópu**. Sum þessara landa hafa enn kónga, drottningar, prins og prinsessur. Einn fjórði hluti íbúa jarðar búa í Evrópu. Miðjarðarhafið er á milli Evrópu og Afríku og Úral fjöllin skipta Evrópu og Asíu.

Suðurskautið (Antartica) er næstum hulið ís. Það er heimsálfan á Suður-Pólnum. Hitastigið getur farið niður fyrir -60°C . Suðurskautið er fimmta stærsta heimsálfa heims og er umlukin Suðurhafi. Dýr eins og mörgæsir, selir og sjávarfuglar lifa á Suðurskautinu.

Minnsta heimsálfan er **Eyjaálfa** (Ástralía). Miðja Ástralíu er nánast óbyggð (kölluð outback á ensku). Þar búa mjög fáir vegna þess að þar er mjög þurrt. Dýr eins og kengúrur, emúar og dingóar búa í óbyggðum. Dingóar eru villihundar og emúar eru ófleygir fuglar sem geta hlaupið mjög hratt.

Norður-Ameríka er þriðja stærsta heimsálfa jarðar. Þar eru Kanada, Bandaríkin, Mexíkó og eyjar Karíbahafsins. Mikla Gljúfur (Grand Canyon) er einnig í Norður-Ameríku. Það er eitt tilkomumesta landslag í heimi. Grænland, stærsta eyja í heimi, tilheyrir Norður-Ameríku.

Suður-Ameríka er fjórða stærsta heimsálfan á jörðinni. Andes fjöllin, sem er stærsti fjallgarður heims, eru í Suður-Ameríku. Brasilía er stærsta land Suður-Ameríku. Amasón regnskógarnir eru í Suður-Ameríku og þekja um 30% af öllu landsvæðinu þar.

Skrifaðu niður orðin sem þú skilur ekki og flettu þeim upp í orðabók eða spyrðu kennarann þinn:

Spurningar:

1. Hversu mörg prósent jarðarbúa búa í Asíu? _____
2. Hvaða álfa er heitust? _____
3. Í hvaða álfu eru Andesfjöllin? _____
4. Hvað heitir stærsta eyja í heimi? _____
5. Hvaða haf umlykur Suðurskautið? _____
6. Hver er minnsta álfan? _____
7. Í hvaða álfu er Mikla Gljúfur? _____
8. Hvað eru mörg lönd í Evrópu? _____

Satt eða ósatt?

- | | | |
|--|------------|-------------|
| Stærsta eyja í heimi heitir Ástralía. | _____ Satt | _____ Ósatt |
| Andesfjöllin eru í Suður-Ameríku. | _____ Satt | _____ Ósatt |
| Það eru 75 lönd í Evrópu. | _____ Satt | _____ Ósatt |
| Minnsta álfan er Evrópa. | _____ Satt | _____ Ósatt |
| Grænland er í Eyjaálfu. | _____ Satt | _____ Ósatt |
| Það eru 44 lönd í Evrópu. | _____ Satt | _____ Ósatt |
| Mikla Gljúfur er í Norður-Ameríku. | _____ Satt | _____ Ósatt |
| Heitasta álfan er Suður-Ameríka. | _____ Satt | _____ Ósatt |
| Sahara þýðir eyðimörk á arabísku. | _____ Satt | _____ Ósatt |
| Stærsta heimsálfan er Asía. | _____ Satt | _____ Ósatt |
| Miðjarðarhaf skiptir Evrópu og Afríku. | _____ Satt | _____ Ósatt |
| Kanada er í Eyjaálfu. | _____ Satt | _____ Ósatt |